

Manual Therapy

Manual Therapy (MT) er ein sérgreina sjúkraþjálfunar. Rannsóknir og klínísk reynsla hafa sýnt að **Manual Therapy** er mjög árangursrík meðferð við einkennum frá stoðkerfi líkamans. Má þar nefna höfuðverk, háls- og bakverk (brjós-klos, þursabit, hálsríg), axlarklemmu, taugaklemmu, tennis- og golfolnboga, sinaskeiðabólgu auk ýmissa gigtareinkenna. Sérkenni **Manual Therapy** eru fyrst og fremst fólgin í því að lögð er áhersla á nákvæma greiningu á eðli og staðsetningu kvillans. Ítarleg þekking á uppbyggingu og starfsemi líkamans og skoðunarhæfni **MT** sjúkraþjálfarans vinna saman að greiningu, sem leiða til hnitmiðaðrar meðferðar.

Greiningin

Í **Manual Therapy** er greiningin aðalatriðið. **MT** sjúkraþjálfarinn metur hvort til staðar séu hreyfitruflanir sem geta valdið einkennum. Ástand liða, mjúkvefja og taugavefs er metið. Aðrar rannsóknir eru hafðar til hliðsjónar, svo sem röntgen, segulómun og blóðprufur.

Meðferðin

Meðferðin beinist að því að minnka verki, liðka stíð líkamssvæði og styrkja svæði sem eru ofhreyfanleg. Einnig að bæta stjórn og samhæfingu hreyfinga og leiðréttu líkamsskekkjur.

Helstu meðferðarform eru:

- sérhæfðar hreyfiaðferðir til liðlosunar eða sem verkjameðferð
- sértæk styrktar- og stöðugleikajálfun
- hnykkingar
- togaðferðir

- nudd og ýmsar vöðvaslökunaraðferðir
- vöðvateygjur
- aðferðir til að minnka ertingu og auka hreyfanleika taugavefs
- fræðsla
- fyrirbyggjandi aðferðir

Námið

Nám í **Manual Therapy** þarf að sækja í háskóla erlendis sem bjóða upp á viðurkennt nám samkvæmt staðli alþjóðasamtaka sjúkraþjálfara. Skilyrði fyrir inngöngu er að sjúkraþjálfarinn hafi unnið að minnsta kosti í 2 ár að loknu 4 ára háskólanámi í sjúkraþjálfun. Námið skiptist í fræðilegan, verklegan og klínískan hluta. Áherslan í náminu er á greiningu og meðferð stoðkerfis. Náminu lýkur með skriflegum og verklegum prófum, ásamt rannsóknarverkefni.

Félag MT sjúkraþjálfara

MT sjúkraþjálfarar stofnuðu félag þann 16. mars 1994 og er það undirfélag í Félagi íslenskra sjúkraþjálfara (FÍSP) frá 12. apríl 1995. Markmið Félags **MT** sjúkraþjálfara er að stuðla að faglegrri þjónustu við skjólstæðinga ásamt því að vinna að hagsmunum félagsmanna. Félagið er aðili að alþjóðasamtökum sjúkraþjálfara með sérgrein í **Manual Therapy** (IFOMPT).

Sérfræðileyfi í Manual Therapy

Samkvæmt reglugerð velferðarráðuneytis frá árinu 2002 geta **MT** sjúkraþjálfarar öðlast sérfræðiviðurkenningu. Til að öðlast slíka viðurkenningu þarf viðkomandi **MT** sjúkraþjálfari að hafa lokið klínísku meistara- eða doktorsnámi og starfað í 2 ár á sínu sérsviði.